


## Heimsókn í íslenskt þorp í Þýskalandi

Í fyrra hélt undirritaður í fjölskyldufri til Þýskalands og Frakklands. Við tókum bíl á leigu og ókum um sveitir og smábæi. Leið okkar lá um bæinn Rust sem er í Rínardalnum alveg við frönsku landamærin nálægt Freiburg.



Mynd 1: Rust er lítil bær í Rínardal og vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

Þessi bær er ekki mörgum kunnur, en er einna helst þekktur fyrir að vera heimabær eins stærsta skemmtigarðs Evrópu sem heitir [Europa-Park](#). Skemmtigarði þessum var komið á fót árið 1976 en hann hefur síðan þá vaxið mjög að umfangi og vinsældum. Eins og þekktist oft í skemmtigarðum er ákveðið þema haft að leiðarljósi og í þessum garði er þemað einfaldlega „löndin í Evrópu“.

Garðinum er skipt í svæði þar sem dregin eru fram sérkenni ýmissa Evrópulanda og -landsvæða. Þarna má meðal annars finna Ítalíu, Spán, Sviss, Frakkland, Skandinavíu en þar eru öll Norðurlöndin fyrir utan Ísland. Samtals eru þetta 17 svæði sem hægt er að spássera um í þessum garði.



Það kom okkur fjölskyldunni talsvert á óvart að þarna var einnig að finna íslenskan hluta, þ.e. svæði þar sem þemað var íslensk menning og náttúra. Þar höfðu verið byggð hús í íslenskum stíl og ýmis tívolítæki höfðu þar skírskotun til Íslands. Fróðlegt fannst okkur að skoða ýmsar merkingar í mállandslaginu þar sem hinir þýsku garðskipuleggjendur höfðu greinilega lagt sig fram um að fanga ýmis smáatriði og skreyta umhverfið með íslenskum skiltum og áletrunum. Árangurinn var misjafn en heildarútkoman skemmtileg.



Mynd 2: Þetta fallega hús er við landamæri Íslands og „Skandinavíu“.



Mynd 3: Kaffihúsið er ein reisulegasta byggingin á íslenska svæðinu.



Mynd 4: Gömul skilti blasa víða við.



Mynd 5: Á byggingum eru fjölmargar læstar dyr með undarlegum áletrunum.



Mynd 6: Hvalaskoðun á Húsavík er innblásturinn hér.



Mynd 7: Útgangur úr rússibana er jafnframt inngangur að rannsóknarstofu í orkufræðum.



Mynd 8: Engin starfsemi virðist vera í þessu húsi sem merkt er „Smiður Landmannalauger“.



Mynd 9: Hér hafa íslensk sértákn aðeins skolast til: „Gus blessi þetta hús“ stendur hér en ekki „Guð

blessi þetta hús“ eins og ætlunin hefur líklega verið.



Mynd 10: Netaverkstæði merkt „Bátsmaður káti hvalurinn“.



Mynd 11: Horft eftir aðalgötu íslenska þorpsins.



Mynd 12: Þarna virðist bókhaldari vera til húsa.



Mynd 13: Þjóðminjasafnið er ekki glæsilegasta byggingin en þar má þó finna ljósmyndasýningu með myndum frá Íslandi.



Mynd 14: Kaffihúsið er glæsilegt.



Mynd 15: Afgreiðslumaður virðist hafa brugðið sér frá stutta stund.



Mynd 16: Ekki alveg ljóst hvað framleitt er hér.



Mynd 17: Hluti svæðisins minnir á uppskipunarhöfn.



Mynd 18: Skilti vísar á hvalaskoðun.



Mynd 19: Forvitnilegt yfirlit um „íslenska“ fiska með nöfnum þeirra á mörgum tungumálum (þó ekki íslensku).



Mynd 20: Glæsilegt skilti biður gesti velkomna til Íslands.



Mynd 21: Íslensk sælgætisverslun (reyndar ekkert íslensk sælgæti á boðstólum).



Mynd 22: Fátt betra en humarsúpan hjá Gerðu Svenson



Mynd 23: Leiðarvísir á landamærum Íslands og Spánar.

Fyrir Íslendinga er þetta skemmtigarðsþorp dálítið einkennileg upplifun þar sem í því birtist einhvers konar stereótýpísk mynd af Íslandi sem einhverjir gætu túlkað sem háð eða grín. Mikill metnaður hefur þó verið lagður í útfærsluna og það er skemmtilegt að sjá hvaða einkenni lands, tungumáls og menningar skemmtigarðahönnuðir draga fram til að skapa „íslenskt“ umhverfi. Heimsókn í Europa-Park er því forvitnileg bæði fyrir Íslendinga sem leið eiga um Rínardal sem og aðra gesti, sem þá fá örlitla (þjagaða) innsýn í tungu og menningu og gætu í framhaldinu haft áhuga á að kynna sér betur land og þjóð.